



Mynd: Sunna Davíðsdóttir

Íslenskt táknmál

er okkar mál

„Táknmálið er undirstaða alls“

Viðtal við Láru Mariu Theodórsdóttur

Máluppeldi heyrnarlausra barna

Eftir Svandísi Svavarsdóttur

Heyrnarskert börn í leikskóla

Eftir Margréti Gígu Þórðarsóttur

Hvað er táknmál?

Eftir Svandísi Svavarsdóttur

Tvítýngda tölván

Eftir Valgerði Stefánsdóttur

„Ef ég viðurkenni mál annars manns hef ég þar með viðurkennt manninn... en ef ég viðurkenni ekki mál hans hef ég þar með hafnað honum, vegna þess að málið er bluti af okkur sjálfum.“

TERJE BASILIER

Ritstjórnarpistill

Jæja, nú er að þessu sinni þema blaðsins táknmál. Ég ætla ekki að skrifa um efni blaðsins í þessum stutta pistili, en mig langar hins vegar að nota tækifærið og segja svolitla sögu af mér sjálfri fyrr og nú. Þegar ég var átta ára og nýbúin að missa heyrnina var ég ekki sett strax í Heyrnleysingjaskólann (í dag Vesturhlíðarskólinn), heldur var ég í tvö ár í bekk með um 30 nemendum. Einn dag ákvað ég að hætta að stara út í loftið vegna þess að ég skildi ekki hvað fram



för í kennslustundinni, og reyna að vera „dugleg“ að einbeita mér að því hvað kennarinn væri að segja. Hann sagði „þið eigið að teikna ??..“ já, teikna hugsaði ég mér fannst það gaman og ákvað þarna á svipstundu að teikna stúlku í finum kjól með hálsmen og flott hár og gerði ég það. Þegar ég var búin rétti ég kennaranum myndina. Svipur hans var ekkert til að hrópa húrra fyrir, nei þvert á móti sýndi hann mér hvað hinir krakkarnir voru að teikna, þau voru jú að teikna kú, þetta var náttúrufræðitími, og verið að tala um dýrin. Hvernig átti ég að vita það? Krakkarnir fengu kennslu og fróðleik úr sagnabrunni kennarans, en ekki fékk ég það. En snúum okkur nú að lífi mínu í dag 28 árum eftir þennan atburð, hvað hefur breyst? Jú, það góða er að ég hef lært táknmál, það hefur fært mig nær þekkingu og minnkað allan misskilning. Ég get teiknað kú, án þess að fá skömm í hattinn fyrir. Ef mér er sagt það á táknmáli. Það er það góða við þetta. En hvernig er staðan í dag? Það skal ég segja ykkur og tek enn sjálfa mig sem dæmi, og veit að ég er ekki einsdæmi. Ég er í sambúð með heyrnarlausum manni og við eigum 2 börn á leikskólaaldri, höfum komið okkur upp fallegu en dýru húsnæði og leggjum okkur fram um að vera nýtir þjóðfélagsþegar. Ég hef til dæmis verið að reyna að koma mér áfram með sölu vara í heimakynningu, mér finnst það geta gefið mikið af sér og þannig fært okkur það sem við þurfum til að greiða af húsinu. En það er einn hængur á þessu, það er erfitt að fá túlk og það er alltaf spurning um hver borgar túlkinn þegar ég er með heimakynningu fyrir heyrandi fólk eða þegar ég fer á þjálfunarfundi. Á ég skilið að missa af þessu tækifæri vegna þess að túlkun er skorin við nögl af sveitarfélögum? Nei, það finnst mér ekki, ég er bara að skapa mér sjálfri og minni fjölskyldu tækifæri sem hundruð annarra þjóðfélagsþegna eru að nýta án þess að hafa einhverjar hindranir í því eins og ég þarf að berjast við. Allt þetta ætti að breytast þegar táknmálið verður viðurkennt, þá ætti ég og aðrir heyrnarlausir að geta fengið túlk án þess að vera að hugsa um hver borgar túlkinn eða vera með samviskubít útaf því að við séum að nota fé frá sveitarfélagi okkar. Ég og aðrir heyrnarlausir höfum sömu réttindi og aðrir og ekki má mismuna neinum, við verðum að fá túlk til að geta samsamað okkur við aðra. Það er nú orðin svolítið löng bið eftir „stóra pakkanum“ en með þessum orðum kalla ég hina stóru samþykkt Alþingis að viðurkenna táknmál heyrnarlausra sem móðurmál heyrnarlausra, en ég vona heilshugar að sú bið fari að stytast og við heyrnarlausir stöndum heyrandi jafnfætis, og eigum nákvæmlega sömu möguleika og allir aðrir. Það gerist auðvitað ekki á einni nóttu en það gerist, það er mín sannfæring.

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, ritstjóri

FORSIÐAN

Sunna Davíðsdóttir, er listamaðurinn

Sunna er fædd í Reykjavík árið 1964. Hún ólst upp í Kópavogi og gekk í Heyrnleysingjaskólann í Reykjavík.

Þegar hún var barn byrjaði hún að mála og teikna. Fjölskyldu hennar fannst það ekkert skrítið þar sem öll ættin var á kafi í listum, myndlist og tónlist og svo framvegis. Hún varð fyrir áhrifum frá fjölskyldunni og eftir að hún útskrifaðist frá heyrnleysingjaskólanum, fór hún í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Hún útskrifaðist árið 1988 og byrjaði að kenna í gamla skólanum sínum myndlist. Árið 1989 hætti hún að kenna og eignaðist sitt fyrsta barn. Núna er hún fjögurra barna móðir og býr með heyrnarlausum eiginmanni sínum í Hafnarfirði. Í hennar eigin fjölskyldu heldur listin áfram og tvær dætur hennar er í tónlistarskóla.

Þótt hún hafi hætt að kenna heldur hún áfram að mála. Sunna og tveir heyrnarlausir listamenn héldu samsýningu í tengslum við



dag heyrnarlausra árið 1994 og hún hefur einnig sýnt verk sín í Háskóla Íslands.

Sunna leitar eftir hugmyndum að myndunum sínum í umhverfinu, í samfélagi heyrnarlausra og táknmálinu. Hún leitar einnig hugmynda í trúnni, landinu og fólkinu sem hér býr. Í verkum sínum notar hún vatnsliti, pastellit og túss, blandar þeim saman eða notar sér.

DÖFBlaðið:

Ritstjóri: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir
Ritnefnd: Hafdís Gísladóttir og Anna R. Valdimarsdóttir

Ábyrgðarmaður: Berglind Stefánsdóttir

Útgefandi: Félag heyrnarlausra
Laugavegi 26
101 Reykjavík
Sími: 561-3560, fax: 551-3567
Netfang: feheyrn@ismennt.is

Ljósmyndir: Sóla og fleiri. Myndefni frá leikskólanum Sólborg
Tölvuumbrot: Grafíska smiðjan ehf.
Prentun: Prentverk Kjartans
Upplag: 1000 eintök

Stjórn Félags heyrnarlausra:

Berglind Stefánsdóttir, formaður	Netfang: bettys@ismennt.is
Júlía G. Hreinsdóttir, varaformaður	Netfang: juliahr@islandia.is
Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, ritari	Netfang: sigmars@islandia.is
Unnur Dóra Norðfjörð, meðstjórnandi	Netfang: unnurdora@islandia.is
Guðrún Ólafsdóttir, meðstjórnandi	Netfang: gudruno@bi.is

Framkvæmdarstjóri Félags heyrnarlausra:

Hafdís Gísladóttir Netfang: feheyrn@ismennt.is

„Táknmálið er undirstaða alls“

Ragna Sara Jónsdóttir ræðir við Láru Maríu Theodórsdóttir



Lára María Theodórsdóttir og Ólafur Halldórsson eiga tvö heimili, annað í Reykjavík en hitt á Tjörn í Austur-Skaftafellssýslu. Þau eiga

tvö drengi, Agnar þriggja ára og Halldór, fimm ára. Halldór er heyrnaskertur og hefur verið frá fæðingu. Heyrnarskerðing Halldórs uppgötvaðist þegar hann var 15 mánaða, en hann var orðinn þriggja ára þegar farið var að kenna honum táknmál. Lára María hefur langa sögu að segja frá fæðingu Halldórs, baráttunni við kerfið og kraftaverkinu þegar fjölskyldan kynntist táknmálinu.

Í maí 1993 fæddist hjónunum Láru Maríu og Ólafi sonur. Barnið varð fyrir alvarlegum súrefnisskortri í fæðingu og var drengnum vart hugað líf: tvísýnt var um hann fyrsta sólarhringinn. Næstu tvær vikurnar var hann á vökudeild og ekki var vitað hve alvarlegar afleiðingar súrefnisskorturinn myndi hafa í för með sér. Að því búnu fékk hann að fara heim en var undir ströngu eftirliti þangað til hann varð 10 mánaða. Þá útskrifaði barnalæknir hann sem heilbriggt barn, enda hafði hann sýnt miklar framfarir og eðlilegan þroska ungbarns. Lára María og Ólafur héldu austur með barnið, ákaflega glöð og var þungu fargi af þeim létt, barnið hafði verið úrskurðað heilbriggt af fagmanni, og þau fóru að slaka á.

Drengurinn hlaut nafnið Halldór. Hann var kraftmikill grallari sem aldrei var kyrr og hafði ávallt nóg fyrir stafni. Ef

hann var ekki að moka flórin, þá var hann að gefa kúnum, raka saman heyi eða fá sér að borða. Hann undi sér vel í sveitinni og elskaði dýrin og útiveruna. Í ágúst 1994, þegar Halldór var 15 mánaða kom vinkona Láru Maríu í heimsókn. Halldór var mjög hændur að móður sinni og hljóp vanalega til hennar þegar hann sá hana. Á morgnana fór

Það var ótrúlegt að sjá muninn á barninu eftir þetta sumar, hvernig hann og við öðluðumst nýtt líf með táknmálinu.

Lára María út að mjólka og var vinkona hennar þá með Halldór á meðan. Hún tók eftir því að þegar Lára María kom

inn úr fjósinu og kallaði til þeirra Halldórs eða talaði við þau sýndi hann engin viðbrögð þegar hún var ekki í auglýn. Þegar hann sá hana hins vegar hljóp hann strax í faðm hennar og brast í grát. Vinkona Láru Maríu kveikti á perunni, drengurinn heyrði ekki í mömmu sinni. „Hún var alveg miður sín og fór heim til Reykjavíkur án þess að segja nokkuð enda var hún ekki viss hvort hugmynd hennar væri rétt. Svo hringdi hún í mig og sagði mér að hún héldi að drengurinn heyrði ekki,“ segir Lára María sem brást skyndilega við þessari ábendingu og þau hjónin fóru með drenginn í skoðun til Reykjavíkur á Heyrnar- og talmeinastöðina. „Þetta var svo skrýtið vegna þess að Halldór var farinn skilja einstaka orð og sagði til dæmis bless, svo það villti fyrir,“ segir Lára María.

Halldór Ólafsson er að verða sex ára í vor. Hér er hann á leikskólanum Sólborg, en Lára María er sérstaklega þakklát öllu því góða starfsfólki sem þar er, það sé bæði gott og metnaðarfullt.



Með heyrnartæki og lítið annað í veganesti

„Á Heyrnar- og talmeinstöðinni var Halldór greindur alvarlega heyrnarskertur. Okkur var sagt að þetta væri varanleg skemmd sem engin von væri til að myndi lagast. Við töluðum við heyrnarfræðing sem lét okkur fá heyrnartæki fyrir Halldór og sagði hann að við ættum að bíða og sjá hvernig hann aðlagðist heyrnartækjunum, og benti okkur á að oft tæki það töluverðan tíma að láta börn aðlagast þeim. Við spurðum hvort Halldór ætti ekki að læra táknmál en þá var okkur sagt eftirfarandi: „Hann verður að gera það upp við sig sjálfur hvort hann vill læra táknmál eða ekki þegar hann eldist. Við fórum heim með þetta veganesti og heyrnartækin,“ segir Lára María.

Fjölskyldan hélt austur, og við tók hræðilegur tími að sögn Láru Maríu. Hún reyndi að venja Halldór við heyrnartækin, en allt kom fyrir ekki, hann var snöggur að losa sig við þau. Oft voru fimm til tíu manns að leita að heyrnartækjunum jafnt innandyra sem utan. „Faðir Halldórs afneitaði þessu í fyrstu og ég gekk í gegnum mjög erfitt tímabil. Ég afneitaði heyrnarskerðingunni aldrei og sá að Óli þyrfti að fá tíma til að átta sig á þessu, og tók það hann í kringum eitt ár. Mér leið hræðilega illa þennan vetur. Mér fannst ég vera gersamlega ein að berjast við allt og alla, og sérstaklega við heyrnartækin. Það var ekki nokkur leið fyrir mig að eiga samskipti við Halldór. Mér fannst ég alltaf vera að hnippa í hann, benda honum á hluti og reyna að fá hann til að skilja mig, en það

gekk allt saman mjög brösuglega,“ segir Lára María.

Í febrúar 1996 kom að því að Halldór fékk leikskólapláss á Höfn í Hornafirði. Lára María keyrði hann 40 km á dag til þess að koma honum í skólann og sótti á kvöldin að honum loknum. Á leikskólanum var enginn faglærður aðili, hvað varðaði heyrnarlaus börn, en Halldór var með stuðningsaðila sér við hlið. „Hún vildi allt fyrir hann gera sem hún gat og var honum mikil stoð og stytta, en það var enginn sem kveikti á perunni hvað það var sem barnið vantaði,“ segir Lára María.

Himnasendingin Júlía

Í maí sama ár kom að því að stuðningsaðili Halldórs hætti störfum. Lára María fór þá á fund fulltrúa málefna fatlaðra á Höfn til þess að athuga hvað væri hægt að gera í máli Halldórs, hann hafði ekki aðlagast heyrnartækjunum og litlu sambandi var hægt að ná við þetta kraftmikla og lífsglaða barn sem var farinn að verða töluvert eirðarlaus. „Félagsmálafulltrúinn ræddi við Hall Magnússon félagsmálastjóra á Höfn um mál Halldórs og hann lagði til að það væri skoðað nánar. Hann hafði samband við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Þau höfu aldrei heyrt um heyrnarskert barn á Hornafirði og ég hafði aldrei heyrt um Samskiptamiðstöðina, en það var stórkostlegt að komast í samband við starfsfólk hennar. Það eru hins vegar greinilega einhverjir samskiptabrestir á milli Heyrnar- og talmeinstöðvarinnar og Samskiptamiðstöðvarinnar þar sem ég hefði talið

„En það er á hreinu að táknmálið er undirstaða alls og þar á meðal þess að geta talað íslensku.“

eðlilegt að Heyrnar- og talmeinstöðin hefði látið vita af Halldóri þegar hann var greindur heyrnarskertur. Nú, í samningu sjá félagsmálafulltrúinn og Samskiptamiðstöðin að aðgerða er þörf og við fengum fjárveitingu til þess að fá táknmálstalandi manneskju til þess að vera með Halldóri yfir sumarið og kenna honum táknmál.“

Júlía Hreinsdóttir, sem sjálf er heyrnalaus og menntaður þroskaþjálfari kom austur í júní. Hún bjó á Höfn og sótti Halldór klukkan níu á morgnana og skilaði honum klukkan fimm í eftirmiðdaginn. Júlía fór með Halldór víða. Í sund, niður á höfn, á flugvöllinn og hvað sem henni datt í hug til þess að sýna honum sem flest til að geta gefið honum tákn yfir hlutina. Ánægja Láru Maríu með þetta tímabil leynir sér ekki: „Júlía var eins og himnasending og þegar hún kom var svo þungu fargi af okkur létt. Bara að sjá heyrnarlausu manneskju sem spjaraði sig svona vel í lífinu var viss léttir, fyrir utan það hvað hún var yndisleg. Halldór hafði verið mjög eirðarlaus og ég hafði til dæmis aldrei getað fengið hann til að setjast niður og skoða bækur. En Júlía fékk hann til að leika sér og meira að segja til að skoða bækur og hafa gaman af. Það var ótrúlegt að sjá muninn á barninu eftir þetta sumar, hvernig hann og við öðluðumst nýtt líf með táknmálinu, en Júlía hélt táknmálsnámskeið

Höfn:
Ferðaþjónusta Jökulsárlóni, Hali
Jökull, verkafélagsfélag, Víkurbraut 4

Selfoss:
Árvirkinn ehf., Eyravegi 29
Bílaskemman hf., Völlum Ölfusi
Flúðasveppir, Hrunamannahreppi
Fossvélur hf., Hrísmýri 4
Framsóknarfélag Árnessýslu, Elstadal
Gaulverjabæjarhreppur, Gerðum
Gnúpverjahreppur, Árnesei
Hótel Geysir og Söluskálinn, Haukadal, Biskupstungum
Hraungerðishreppur, Þingborg
Jeppasmíðjan hf., Ljónsstöðum
Kaupfélag Árneseinga, Austurvegi 3-5

Pizza 67, Tryggvagötu 40
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hf., Gagnheiði 35
Selfossveitur, Austurvegi 67
Selós ehf., Eyravegi 51
Set ehf., plastiðnaður, Eyravegi 43
Skeiðahreppur
Villingaholtshreppur, Mjósyndi
Ölur, skógræktarstöð, Sólheimum Grímsnesi

Hveragerði:
Hamrar hf., plastiðnaður, Austurmörk 11
Heilsustofnun NLFÍ, Grænumörk 10
Vinnuvélar A. Michelsen ehf., Austurmörk 4

Porlákshöfn:
Fiskjöldjan Ver, Óseyrarbraut 20

Hafnarnes hf., útgerð, Óseyrarbraut 16
Ljósavík hf., útgerð, Unubakka 46
Ölfushreppur, Selvogsbraut 2

Laugarvatn:
Laugardalshreppur, Laugarvatni Reykjum

Hella:
Smíðjan sf., Þrúðvangi 36
Vörufell hf., heildverslun, við Suðurlandsveg

Hvolsvöllur:
Hótel Hvolsvöllur, Hlíðarvegi 7
Vestur-Landeyjahreppur

Kirkjubæjarklaustur: Bifreiðaverkstæði Gunnars

„Júlía var eins og himnasending og þegar hún kom var svo þungu fargi af okkur létt. Bara að sjá heyrnarlausu manneskju sem spjaraði sig svona vel í lífinu var viss léttir, fyrir utan það hvað hún var yndisleg.“

fyrir nánustu fjölskyldu Halldórs. Þegar Júlía fór í lok ágúst lagði hún til við okkur að við kæmum til Reykjavíkur með haustinu. Halldór þyrfti táknmál, það gæti ekki skemmt neitt og myndi flýta fyrir öllum hans þroska. Við treystum á hana og úr varð að ég kom suður í október með Halldór og Agnar bróður hans sem þá var rúmlega eins árs,“ segir Lára María. Halldór byrjaði strax á leikskóla hjá Vesturhlíðarskóla og Lára María á táknmálsnámskeiði. Halldór féll strax inn í hópinn á leikskólanum og gekk vel að eiga samskipti við hina krakkana. Lára María minnst sérstaklega á frábært starfsfólk skólans sem hún segir að hafi verið starfi sínu vel vaxið.

Tvöföld útgjöld

Að flytja að hálfu leyti í bæinn útheimti töluverðar breytingar og þýddu að fjölskyldan rak tvö heimili, en Ólafur faðir Halldórs rekur bú og er verktaki fyrir þungavinnuvélar. Útgjöld heimilisins tvöfölduðust og Lára María leitaði allra leiða til að fá styrki og fjárhagslega aðstoð, því róðurinn reyndist þungur. Skömmu eftir að fjölskyldan kom til Reykjavíkur hittu Lára María foreldra heyrnarlausra barna í fyrsta sinn. „Það var alveg stórkostlegt að hitta fólk sem stóð í sömu sporum og maður sjálfur. Þá uppgötvaði ég að ég var ekki ein í heiminum og aðrir hefðu gengið í gegnum svipaða hluti og ég.“

Halldór byrjaði í byrjun árs 1997 að vera hálfan daginn á Sólborg sem er leikskóli rekinn af Dagvist barna en þar eru bæði heyrnarlaus og heyrnarskert börn og systkini þeirra. Lára María segir



Halldór og Júlía Hreinsdóttir þroskaþjálfari

að það hafi ekki verið fyrr en sl. vor sem Halldór hafi farið að nota táknmálið verulega, og frá því sl. haust þegar hann fór að vera eingöngu á Sólborg hefur hann aukið notkun þess enn meir. „Það

„Hann hefur róast óskaplega eftir að hann lærði táknmálið og er varla sama barn. Ég myndi ekki viljað hafa farið á mis við þetta.“

er því líkur munur á barninu eftir að það fékk mál, og það var ánægjuleg stund þegar ég talaði við hann fyrst á táknmáli og hann skildi mig. Mér fannst ég vera að kynnast nýrri persónu. Áður var það heilmikill streituvaldur að við gátum ekki haft samskipti við hann auk þess sem hann var mjög hávær. Hann hefur róast óskaplega eftir að hann lærði táknmálið og er varla sama barn. Ég myndi ekki viljað hafa farið á mis við þetta. En það er á hreinu að táknmálið er undirstaða alls og þar á meðal þess að geta talað íslensku,“ segir Lára María en Halldór á nokkra möguleika á því að tala. Hann er í talkennslu tvisvar í viku og getur sagt nokkur algeng orð á íslensku. Hann gengur nú sjálfviljugur

með heyrnartækin og minnir móður sína jafnvel á að setja þau á sig á morgnana. Í dag og líklega í nánustu framtíð, ef dæmið gengur upp fjárhagslega, mun fjölskyldan halda áfram að búa á tveimur stöðum. Ólafur faðir Halldórs er allt árið fyrir austan en kemur einu sinni í mánuði suður. Lára María og drengirnir reyna að fara eina helgi í mánuði austur auk þess sem þau eyða sumarfrí, jólum og páskum þar, eða u.þ.b. fjórum til fimm mánuðum á ári. Sveitin, dýrin og róin sem þar er að finna gefur Halldóri óendanlega mikið að sögn móður hans og þar unir hann sér einn tímunum saman. Lára María vonast til að geta haldið í búið í sveitinni en kvartar undan skilningsleysi stjórnvalda og almennings og eftir það sem hún hefur hingað til gengið í gegnum segir hún baráttuna við kerfið það erfiðasta í dag. Hún segir að helstu áhyggjur hjónanna sé flutningur á málefnum fatlaðra frá ríki yfir á sveitarfélög, þau séu mörg hver ekki tilbúin að taka við svo stórum bita. Sveitarfélög beri gjarnan við að ekki séu til peningar en auðvitað vilji þau bara skila hallalaus búi. Hún segir að lokum: „Það á ekki að þurfa að breyta öllu manns lífi þó að einhvers konar fötlun komi upp í fjölskyldunni. Kerfið á að vinna með manni en ekki á móti.“

Ragna Sara Jónsdóttir

Máluppeldi heyr barna



Þegar lítið barn fæðist er foreldrum og uppalendum mikið og flókið verk á höndum. Máluppeldið er eitt þessara verka og ef til vill það þeirra sem við leiðum sjaldnast hugann að. Máluppeldið kemur af sjálfu sér, - eða hvað? Máltaka barns hefst að sumra álitum þegar í móðurkviði. Barnið skynjar umhverfisljóð fyrir fæðingu og gerir samkvæmt rannsóknum greinarmun á rödd móður og rödd annarra á fyrsta degi ævinnar. Fljótlega fer barnið að tileinka sér hljóð, tónfall og áherslur úr umhverfinu og það áður en það fer sjálft að mynda fyrstu orðin. Þessi undirbúningur að máltökunni er afskaplega mikilvægur fyrir það sem síðar gerist, máltökuna sjálfa. Barnið er baðað í máli. Það hlustar á foreldra sína tala saman, það heyrir í útvarpi og sjónvarpi og síðast en ekki síst er talað við barnið um það sem fyrir augu ber. Öll höfum við yfir að ráða aðferðum til að örva málþroska lítils barns. Við drögum seiminn, endurtökum í sífellu, beitum ýktu tónfalli til að undirstrika það sem mestu máli skiptir í setningunni, stytum setningar, bendum og spyrjum. Þetta hefur enginn beinlínis kennt okkur. Hæfileikinn til að færa mál frá einni kynslóð til annarrar er einn þeirra hæfileika sem okkur er áskapaður,

ómeðvitað þekking. Vissulega getur málörvun verið markvissari, við getum einsett okkur að lesa meira fyrir börnin, tala meira við þau, segja þeim meira og syngja með þeim. Meginatriðið er samt sem áður það að grunnurinn er til staðar. Foreldrar „kunna“ að beita máluppeldi.

Heyrnarlaus barn þarf málörvun eins og önnur börn. Frjótt og öflugt málumhverfi er forsenda málþroskans sem svo

Til að heyrnarlaus barn fái sömu möguleika til þroska og heyrandi barn er því nauðsynlegt að alast upp í táknumálsumhverfi.

aftur gerir barninu kleift að mynda tilfinningatengsl, gera sér grein fyrir merkingu hugtaka, læra félagslegar reglur, skiptast á reynslu og þekkingu við umhverfi sitt og verða þar með virkur og hæfur einstaklingur í samfélagi við annað fólk. Til að heyrnarlaus barn fái sömu möguleika til þroska og heyrandi barn er því nauðsynlegt að alast upp í táknumálsumhverfi. Táknumálsumhverfi er ekki bundið stað eða stund. Með

táknumálsumhverfi er átt við að alltaf þegar heyrnarlaus barnið er nálægt er talað táknumál eða a.m.k. bendingar og stöku tákni beitt hafi fólk ekki vald á táknumáli.

Heyrnarlaus barn heyrir ekki. Móðurmál heyrnarlausra er táknumál sem er frjótt og lifandi mál sem hefur flókna málfræði og mikinn sköpunarmátt. Heyrnarlaus barn hefur sem sé annað móðurmál en foreldrar þess. Heimilið verður tvítyngt og allur samskiptaveruleiki heimilisins breytist. Máluppeldið er ekki lengur ómeðvitað heldur meðvitað. Foreldranir þurfa að hugsa markvisst um það í hverju máluppeldi felst.


Þegar barn er ómálga hjöllum við við það, böbblum og bullum, grettum okkur og geiflum. Við erum „týnd“ og birtumst aftur, missum sama hlutinn aftur og aftur og segjum datt. Reynum að flytja þessa hegðun yfir á táknumál. Hjal er ekkert annað en hljódaleikur. Við beitum málhljóðunum óskipulega, röðum þeim í ýmsar runur „babababa“, „gúgúgúgú“. Í táknumálinu gerum við eins. Táknumálið samanstendur af handahreyfingum, svipbrigðum og látbragði ýmsu. Þess vegna „hjölum“ við við heyrnarlaus barn með því að beita svipbrigðum, brosa, gapa, lyfta augabrúnum og láta þær síga

Mestu varðar þó að með því að búa barninu táknmálsumhverfi á heimilinu og markvisst máluppeldi á táknmáli er verið að leggja grunn að menntun og þroska einstaklings sem á alla möguleika í framtíðinni fái hann þennan grunn.

heyrnarlausra

Ef heyrnarlaust barn er „baðað“ í máli eins og heyrandi barn öðlast það ríkt og frjótt mál og verður í framtíðinni hæfara til að læra önnur mál og þar með aðrar greinar.

á víxl. Við látum fingurna „spila“ í loftinu, hreyfum hendurnar taktfast sitt á hvað, endurtökum stuttar setningar í sífellu: HVAR ER MAMMA, SJÁÐU DÚKKUNA. Seinna meir lesum við fyrir barnið, segjum sögu á táknmáli upp úr bókinni, skoðum myndir og spjöllum. Öll þessi málörvun beinist að barninu sjálfu en ekki síður mikilvægt er að barnið fái aðgang að umræðuefnum fullorðna fólksins. Sjái umræðurnar um matargerðina, bílaða bílinn, endurbætur á íbúðinni, jólagjafainnkaupin og líka áður en barnið öðlast skilning á því hvað er rætt um. Ef heyrnarlaust barn er „baðað“ í máli eins og heyrandi barn öðlast það ríkt og frjótt mál og verður í framtíðinni hæfara til að læra önnur mál og þar með aðrar greinar. Mikilvægast er þó kannski það tilfinningalega öryggi sem barnið



finnur þegar það hefur greiðan aðgang að lífi fjölskyldunnar og byggir þar með upp þau tilfinningatengsl sem eru hverju barni nauðsynleg til þroska og menntunar.

Fjölskyldu heyrnarlauss barns er mikið verkefni á höndum. Heimili, þar sem „ástkæra, ylhýra málið“ dugði til alls er nú orðið að tvítyngdu tjáskiptatorgi. Mestu varðar þó að með því að búa barninu táknmálsumhverfi á heimilinu og markvisst máluppeldi á táknmáli er

verið að leggja grunn að menntun og þroska einstaklings sem á alla möguleika í framtíðinni fái hann þennan grunn. Fjölskyldan lærir nýtt mál og vikkar þar með reynslu sína. Heimilið verður miðstöð málnotkunar, öflugra tjáskipta og fyrst og fremst örugg borg þar sem heyrnarlaust barn finnur að borin er virðing fyrir því eins og öðrum á heimilinu.

**Svandís Svavarsdóttir
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra**

Heyrnarskert börn í leikskóla

Margrét Gígja Þórðardóttir

Heyrnarskerðing er mjög falin fötlun þ.e. ekki er hægt að sjá það á útliti einstaklings að hann sé heyrnarskertur og eru fáir sem gera sér grein fyrir þeim áhrifum sem fötlunin hefur á þroska hans. Þau viðhorf eru algeng að það nægi að einstaklingurinn fái heyrnartæki og þar með séu málin leyst. Þegar barn



er greint heyrnarskert hefur það viljað brenna við að sú greining sé einungis byggð á læknisfræðilegu mati og að leiðin til að bæta upp heyrnarskerðinguna sé

með tækjum og þjálfun. Fram til ársins 1980, og reyndar enn þann dag í dag, aðhyllast sérfræðingar þá kenningu að ef heyrnarskert barn er í umhverfi þar sem talað er táknmál hafi það heftandi áhrif á málþroska þess. Ofuráhersla hefur verið lögð á að kenna heyrnarskertum börnum að tala og að þau séu í umhverfi með heyrandi börnum. Geta barnanna til að tileinka sér mál í talumhverfi hefur verið stórlega ofmetin og þar með ekki tekið tillit til sérþarfa þeirra. Blöndunarstefna í skólamállum hefur ýtt undir það að heyrnarskert börn væru í sínum hverfisleikskóla en njóti ekki leiðsagnar fagfólks með sérþekkingu um heyrnarskerðingu og afleiðingar hennar. Hæfni heyrnarskertra barna til að tala gefur oft villandi upplýsingar um getu þeirra til að heyra. Heyrnarskert barn getur sýnt lítil frávík í málþroska-prófi en það segir ekki til um hæfni þess til að nota málið í leik með öðrum

börnum, þar sem málþroskaþróf er tekið undir þeim kringumstæðum að barnið talar beint við fullorðinn einstakling. Á síðustu árum hafa sífellt fleiri aðhyllt þá kenningu að rétt sé að gefa heyrnarskertum börnum tækifæri til að vera í umhverfi þar sem talað er táknmál og að þau læri táknmál á uppvaxtarárum sínum. Þó eru foreldrar og fagfólk oft í vafa um mikilvægi þess að barnið læri táknmál þar sem það geti talað, í þessu tilvik, íslensku. Í B.Ed. ritgerðinni minni

Hæfni til að leika þykjustuleik er í beinu samhengi við málþroskann. Þar sem þykjustuleikurinn byggir á hugmyndum sem eru fyrir utan beinan raunveruleika „hér og nú“ verða börnin að tjá þessar hugmyndir með orðum svo hægt sé að byggja upp hlutverkaleiki.

frá Kennaraháskóla Íslands sl. vor velti ég því fyrir mér hvort betra væri fyrir heyrnarskert börn að vera í almennum leikskóla með heyrandi börnum þar sem töluð er íslenska eða í leikskóla sem starfar eftir hugmyndafræðinni um tvítyngi.

Þegar barn hefur verið greint heyrnar-

skert og gerð hefur verið mæling á heyrnartapinu er mikilvægt að meta þarfir barnsins ekki aðeins út frá heyrnarkúrfunni (línurit af heyrnarmælingu) heldur verður að líta á einstaklinginn í heild. Heyrnarkúrfan ein og sér segir lítið um hversu vel eða illa barnið getur tileinkað sér mál. Sum börn geta nýtt sér heyrnartæki og er mikilvægt að þau fái þau sem fyrst. Barnið þarf tíma til að aðlagast tækjunum því skyndilega fara þau að heyra hljóð sem þau hafa ekki heyrt áður. Mikilvægt er að barninu sé leiðbeint þegar það fer að heyra ný hljóð og að því sé hjálpað til að staðsetja hljóðin.

Rannsóknir hafa sýnt að heyrnarskert börn sem alast upp þar sem einungis fer fram talað mál eiga erfitt með að tileinka sér mál og ná eðlilegum málþroska. Hins vegar ef heyrnarskert börn alast upp í umhverfi þar sem táknmál er, eiga þau meiri möguleika á að þroskast á eðlilegan hátt og tileinka sér bæði táknmál og talmál. (M. Ahlström, A. Thorén og G. Preisler, 1996). Heyrnarskert barn er yfirleitt háð því að geta horft á andlit þess sem talar til að geta skilið talað mál. Þetta vill því miður oft gleymast þar sem möguleiki barnsins til að nýta heyrnartæki er ofmetin. Meiri hætta er á því að barnið missi af mikilvægum skilaboðum frá umhverfinu þegar talmálið er einungis viðhaft en ef talað er táknmál við barnið.

Samskiptareglur í táknmáli eru þess eðlis að augnsamband verður að vera til staðaref samskipti eiga að geta átt sér

Hæfni heyrnarskertra barna til að tala gefur oft villandi upplýsingar um getu þeirra til að heyra. Heyrnarskert barn getur sýnt lítil frávík í málþroskaprófi en það segir ekki til um hæfni þess til að nota málið í leik með öðrum börnum.

stað. Því gefur það auga leið að minnihætta er á að barnið missi af skilaboðum ef táknmál er í umhverfinu. Á síðustu árum hefur meiri áhersla verið lögð á það að kenna heyrnarskertum börnum táknmál og að þau séu í umhverfi þar sem talað er táknmál t.d. á leikskólum með heyrnarlausum börnum. Íslenska táknmálið kemur að öllu leyti í staðinn fyrir íslenska talmálið. Málþroski heyrnarlausra barna fylgir nákvæmlega sömu lögumálum og málþroski heyrandi barna. Þau tileinka sér mál í gegnum sjónina og læra af samskiptum við sína nánustu.

Leikskólinn

Til þess að heyrnarskert börn geti nýtt sér þá mikilvægü uppeldiskosti sem leikskólinn hefur upp á að bjóða þarf leikskólinn og leikskólakennarinn að vera meðvitaður um sérþarfir þeirra. Þegar barn hefur verið greint heyrnarskert er mikilvægt að foreldrum sé ráðlagt að setja barnið í leikskóla sem hefur sérþekkingu á heyrnarskerðingu og táknmáli. Barn sem fer í leikskóla sem ekki er sérhæfður í þekkingu á þörfum heyrnarskerta barna getur átt það á hættu að einangrast þar sem það nær ekki að taka þátt í samskiptum við börn og fullorðna og nýta sér uppeldiskosti skólans.

Í leikskólanum er leikurinn kjarni leikskólastarfsins. Leikurinn er bæði nám og vinna fyrir börnin. Í leiknum læra



þau að virða hvert annað og bera virðingu fyrir því sem er í umhverfi þeirra. Leikurinn er tjáning barnsins og um leið er hann undirbúningur undir fullorðinsárin. Rannsóknir hafa sýnt að seinkun á málþroska hefur mikil áhrif á leik- og félagsþroska barna. (G. Preisler, 1983, Hafdís Gísladóttir og S. Heiða Steinsson, 1993). Í leik með öðrum börnum eflist eigið sjálf, sjálfsmynd styrkist og börn læra ákveðnar reglur sem gilda í samskiptum. Í hópi þurfa þau að sýna tillitssemi og virða skoðanir annarra. Rannsóknir á leikjum barna benda ótvírætt til þess að þykjustu- og hlutverkaleikir séu þeir leikir sem hafi hvað mest uppeldisgildi fyrir börn á leikskólaldri. Hæfni til að leika þykjustuleik er í beinu samhengi við málþroskann. Þar sem þykjustuleikurinn byggir á hugmyndum sem eru fyrir utan beinan raunveruleika „hér og nú“ verða börnin að tjá þessar hugmyndir með orðum svo hægt sé að byggja upp hlutverkaleiki. (Hafdís Gísladóttir og S. Heiða Steinsson, 1993).

Heyrnarskert börn geta átt það á hættu að vera útilokuð úr þykjustuleiknum vegna þess að þau eiga erfitt með að fylgja eftir skilaboðum og leikreglum sem börnin setja í leiknum. Þau misskilja oft reglurnar og samskipti við önnur börn þar sem þau heyra ekki skilaboðin.

Dæmi: Þrjú börn eru í búðarleik. Eitt barnið er heyrnarskert. Í upphafi leiksins er það ákveðið að í búðinni skuli selt kaffi og kók. Heyrnarskerta barnið kemur í búðina.

Heyrandi barn: „Hvort viltu kaffi eða kók?“

Heyrnarskerta barnið: Svarar ekki en horfir á barnið.

Heyrandi barn: „Ætlar þú að fá kaffi eða kók?“

Heyrnarskerta barnið: „Kakó“

Heyrandi barn: (Pirrað) „Oh, það er ekki til kakó“.

Þetta dæmi lýsir þeirri höfnun sem heyrnarskert börn geta upplifað þegar þau misskilja það sem sagt er. Þegar börn eru að skipuleggja leik getur verið erfitt fyrir heyrnarskert barn að fylgjast með samskiptum barnanna sín á milli auk þess sem leikreglur geta breyst skyndilega í miðjum leik, sbr. „stopp-leikur“ en þá er gefið til kynna að það eigi að hætta að leika í ákveðinn tíma. Heyrnarskerta barnið heyrir ekki fyrirmælin og heldur áfram að leika og brýtur þannig leikreglurnar. Leikurinn flosnar upp eða upp kemur ágreiningur sem veldur því að heyrnarskerta barnið er útilokað frá leiknum. Það að vera útilokaður úr leikgetur alvarlega hindrað þroska barns og möguleika þess til að öðlast jákvæða sjálfsmynd. (Hafdís Gísladóttir og S. Heiða Steinsson, 1993).

Á almennum leikskólum gefst heyrnarskertum börnum ekki tækifæri til að hitta önnur heyrnarskerta börn né heyrnarskerta fullorðna einstaklinga og hefur þar af leiðandi ekki tækifæri til að samsama sig öðrum eða hafa raunhæfar fyrirmyndir um sjálf sig og framtíðina. Þess eru jafnvel dæmi að heyrnarskerta börn álíti að þau verði með eðlilega heyrn þegar þau verða eldri þar sem þau hafa aðeins kynnst fullorðnu fólki með eðlilega heyrn. Á undanförunum árum hefur verið starfandi tvítyngd leikskóladeild á leikskólanum Sólborg þar sem heyrnarskerta/laus börn eru saman komin með heyrandi börnum. Á tvítyngdri leikskóladeild starfar heyrandi og heyrnarlaust starfsfólk.

Helstu kostir tvítyngdrar leikskóladeildar er að þar gefst heyrnarskertum börnum tækifæri til að velja sjálf hvaða mál þau

vilja tileinka sér þ.e. íslensku eða táknmál. Barnið getur óhindrað átt samskipti við önnur börn á deildinni og fullorðna þar sem möguleikar á sjónrænum

Með því að gefa heyrnarskertum börnum tækifæri til að læra táknmál og vera í leikskóla þar sem starfsemin fer fram á táknmáli njóta þau sömu uppeldiskosta og önnur börn.

samskiptum eru alltaf til staðar. Minni hætta er því á að barnið verði útilokað úr leiknum þar sem önnur börn á deildinni eru vön samskiptareglum sem gilda í táknmálsumhverfi. Sjálfsmynd

heyrnarskerta barnsins styrkist þar sem það getur samsamað sig öðrum heyrnarskertum börnum og hefur fullorðnar fyrirmyndir þ.e. heyrnarlaust/skert starfsfólk.

Niðurstöður rannsókna sem hafa verið gerðar á heyrnarskertum börnum er að tvítyngd leikskóladeild er mun betri kostur fyrir heyrnarskertra barna en almenn leikskóladeild. (Hafdís Gísladóttir og S. Heiða Steinsson, 1993). Með því að gefa heyrnarskertum börnum tækifæri til að vera í umhverfi þar sem talað er táknmál er minni hætta á að börnin dragist aftur úr í þroska. Á tvítyngdri leikskóladeild eins og á Sólborg er starfsfólk meðvitað um sérþarfir heyrnarskertra barna og börnin læra samskiptareglur sem gilda í samskiptum við heyrnarskerta. Þar gefst þeim einnig tækifæri til að umgangast önnur börn með sömu fötlun





sem er afar mikilvægt fyrir sjálfsmynd þeirra.

Með því að gefa heyrnarskertum börnum tækifæri til að vera í umhverfi þar sem talað er táknmál er minni hættu á að börnin dragist aftur úr í þroska.

Með því að gefa heyrnarskertum börnum tækifæri til að læra táknmál og vera í leikskóla þar sem starfsemin fer fram á táknmáli njóta þau sömu uppeldiskosta og önnur börn. Heyrnarskert börn geta

átt tvö móðurmál þ.e. íslensku og táknmál og ber að sjá til þess að þau hafi raunhæfan möguleika á að tileinka sér bæði málin. Heyrnarskert barn sem ekki býr við umhverfi þar sem tekið er tillit til afleiðinga heyrnarskerðingarinnar á það á hættu að alast upp í brotnu málumhverfi, og nær ekki að tileinka sér fullkomið mál, hvorki íslensku né íslenskt táknmál. Ef heyrnarskerta barninu gefst tækifæri til að vera í táknmálsumhverfi getur það tileinkað sér fullkomið mál og nýtt sér málörvun í umhverfinu rétt eins og heyrandi börn. Mun minni hættu er á að barnið verði fyrir misskilningi og höfnun í þeim leikskóla þar sem táknmálsumhverfi er ríkjandi.

Margrét Gígja Þórðardóttir leikskólakennari og sjálf heyrnarskert

- A. Karlsson hf., Brautarholti 28
- Andrés, fataverslun, Skólavörðustíg 22a
- Arkitektastofan Ormar Þór Guðmundsson, Borgartúni 17
- Atlas hf., Borgartúni 24
- Augað sf., gleraugnaverslun, Kringlunni 8-12
- Avis bílaleiga, Sigtúni 5
- Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Stuðlahálsi 2
- Áhöld sf., véla- og tækjaleiga, Síðumúla 22
- Árvakur hf., Kringlunni 1
- Árvík hf., Ármúla 1
- Bardó-Hárhús Kristínar, Ármúla 17a
- Barðinn hf., Skútuvogi 2
- Berg, heildverslun, Bergstaðastræti 4
- Bifreiðastöð Reykjavíkur, Skógarhlíð 18
- Bifreiðaverkstæði HP, Hamarshöfða 6
- Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23
- Bílahornið Stilling ehf., Skeifunni 11
- Bílaíðn, Suðurlandsbraut 6
- Bílaréttingar Jóns P. Ólafssonar, Efstasundi 73
- Bílasprautun-réttingar sf., Vagnhöfða 16
- Bílastillingar Björns B. Steffensen, Hamarshöfða 3
- Björn Arnórsson, heildverslun, Laugarnesvegi 114
- Blik, bílasala, Höfðatúni 10
- Blómamiðstöðin hf., Réttarhálsi 2
- Blómaval hf., Sigtúni 40
- Borgarfell ehf., heildverslun, Skólavörðustíg 23
- Bókabúð Steinars, Bergstaðastræti 7
- Bónus sf., Skútuvogi 13
- Bónusvídeó hf., - Reykjavík - Kópavogi - Hafnarfirði, Brauðhúsið, Efstalandi 26
- Breiðholtspótek, Álfabakka 12
- Búlki sf., Krókhálsi 10
- Búnaðarbanki Íslands, Hverafold 1-3
- Búnaðarbanki Íslands, Austurstræti 5
- Bæjarleiðir hf., Langholtsvegi 115
- Davíð S. Jónsson hf., Skútuvogi 13a
- Dónald, söluturn, Hrisateigi 19
- Dún- og fiðurhreinunin, Vatnsstíg 3
- Effect, hársnyrtistofa sf., Bergstaðastræti 10a
- Efling stéttarfélag, Skipholti 50d
- Efnalaug Árbæjar, Hraunbæ 102
- Eignamiðlunin hf., Síðumúla 21
- Einingarverksmiðjan hf., Breiðhöfða 10
- Ellingsen ehf., Grandagarði 2
- Endurskoðunarstofan Skólavörðustíg 12,
- Endurvinnslan hf., Knarrarvogi 4
- Erna hf., gull- og silfurmiðja, Skipholti 3
- Farmasía hf., heildverslun, Síðumúla 32
- Fasteignamiðlunin, Suðurlandsbraut 12
- Fasteignasalan Garður, Skipholti 5
- Faxamarkaðurinn, Austurbakka Faxaskála
- Faxavélar hf., Funahöfða 6
- Feró sf., Steinaseli 6
- Félag bókagerðarmanna, Hverfisgötu 21
- Félag einstæðra foreldra, Tjarnargötu 10d
- Fiskkaup hf., fiskverkun, Geirsgötu 11
- Fínverk hf., Tungubakka 4
- Fjölver hf., efnatækniráðgjöf, Hólmaslóð 8
- Flugþjónustan hf., Reykjavíkflugvelli
- Forsjá, Skólavörðustíg 3
- Fareyska sjómannaheimilið, Brautarholti 29
- Garðatækni sf., Barmahlíð 52
- Geysir, bílaleiga, Dugguvogi 10
- Gissur og Pálmi hf., byggingaverktaki, Álfabakka 14a
- Gjörfvi hf., Grandagarði 18
- Glófaxi ehf., blikksmiðja, Ármúla 42
- Gunnar B Sigurðsson, ökukennari, Fifuseli 7
- Gúmmibátajónustan, Eyjarslóð 9
- Gústaf Þór Tryggvason hrl., Tjarnargötu 10d
- Gyðja snyrtistofa ehf., Skipholti 70
- Hafrós ehf., Skútuvogi 12g
- Hafín, fiskbúð, Skipholti 70
- Halldór Jónsson, ökukennari, Brautarási 9
- Harðviðarval hf., Krókhálsi 4
- Hárbar, hársnyrtistofa, Laugavegi 168
- Hárgreiðslustofa Heiðu, Álheimum 11a
- Hárgreiðslustofa Höllu Magnúsdóttur, Miðleiti 7
- Hárgreiðslustofan Greiðan, Háaleitisbraut 58-60
- Hárgreiðslustofan Hödd, Grettisgötu 62
- Háskólaflötritun, Fálkagötu 2
- Háskóli Íslands, Suðurgötu
- Heildverslun Stgr. Thorleifssonar, Síðumúla 17
- Heildverslun Þorsteins Bergmann, Laugavegi 14
- Heildverslunin Kjaraberg, Vesturbergi 185
- Herjólfur, matvöruverslun, Skipholti 70
- Hítastýring hf., raftækjavinnustofa, Þverholti 15a
- HP húsgögn, Ármúla 44
- Hraðmyndir hf., Hverfisgötu 59

Hvað er t

eftir Svandísi Svavarsdóttur

Táknmál heimsins eru fjölmörg. Hvert land hefur sitt táknmál og í mörgum löndum eru töluð ýmis afbrigði sama táknmálsins, eins konar mállýskur.

Táknmál er mál sem talað er með höndum, svipbrigðum og hreyfingum andlits, munns og líkama og skynjað með sjón. Táknmál er talað af heyrnarlausum um allan heim sem líta á það sem sitt móðurmál. Alls staðar þar sem tveir eða fleiri heyrnarlausir koma saman er talað táknmál. Fæstir heyrnarlausir eiga heyrnarlausu foreldra og læra því táknmálið ekki fyrst og fremst af foreldrum sínum heldur af öðrum heyrnarlausum. Sumir segja að heyrnarlausir séu í rauninni málminnihlutahópur og táknmálið sé minnihlutamál.

Táknmál heimsins eru fjölmörg. Hvert land hefur sitt táknmál og í mörgum löndum eru töluð ýmis afbrigði sama táknmálsins, eins konar mállýskur. Skyldleiki táknmálanna er oft ólíkur skyldleika raddmálanna í viðkomandi löndum. Til dæmis er bandaríska táknmálið talið töluvert skylt því franska en nánast ekkert skylt því enska. Heyrnarlaus Bandaríkjamadur á auðveldara með að tala við heyrnarlausan Frakka en heyrnarlausan Breta! Íslenska táknmálið er að líkindum skyldast því danska. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Sú fyrsta er sú að fram eftir nítjándu

öldinni var enginn skóli fyrir heyrnarlausu á Íslandi og því eðlilegast að senda nemendur til Danmerkur. Önnur ástæða er sú að lengi vel voru kennarar heyrnarlausra menntaðir í Danmörku. Hin þriðja og ef til vill sú skemmtilegasta

er sú að um 1950 kom hingað Færeyingur sem hafði gengið í skóla í Danmörku. Hann hafði þar kynnst öflugum félagsstarfi heyrnarlausra og vildi setja á fót svipað félag hér á Íslandi sem hann og gerði og varð formaður félagsins hér. Þessi



Táknmál?

Færeyingur talaði vitaskuld danskt táknmál sem hafði áhrif á málþróunina hér. Þetta táknmál aðlagðist því sem fyrir var en varð ef til vill grunnurinn að því táknmáli sem talað er á Íslandi um þessar mundir.

Táknmál breytist mjög hratt. Táknmálið sem aldraðir í samfélagi heyrnarlausra tala er því töluvert ólíkt því sem unga fólkíð talar. Heyrnarlaus unglingur getur átt í erfiðleikum með að skilja gamalt heyrnarlaust fólk. Geta má sér til um

